

Vatnsveita Rangárbings ytra
og Ásahrepps bs.
Ársreikningur 2021

Vatnsveita Rangárbings ytra
og Ásahrepps bs.

kt. 480506-0490

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. er byggðasamlag um rekstur sameiginlegrar vatnsveitu í sveitarfélögunum. Eignarhlutur Rangárþings ytra er 81,76% og Ásahrepps 18,24%.

Rekstrartekjur félgsins námu 95,2 millj. kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 4,3 millj. kr. eða um 4,7%. Hagnaður félagsins á árinu 2021 nam 8,0 millj. kr. (2020: 18,4 millj. kr.)

Eigið fé í árslok 2021 var 284,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru stofnframlög sveitarfélaganna 150,8 millj. kr.

Enginn fastur starfsmaður er hjá veitunni, en keypt er þjónusta af sveitarfélögunum vegna umsjónar og reksturs.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Hellu, 11 apríl 2022.

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Vatnsveita
Rangárþings ytra og Ásahrepps

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2021 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð veitunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi veitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa veituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi veitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert veituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, apríl 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	Áætlun með viðauka 2021	2020
Rekstrartekjur				
Vatnsgjald		81.151.529	81.850.000	77.661.893
Aukavatnsgjald		12.921.186	12.000.000	12.160.833
Aðrar tekjur		1.104.113	1.130.000	1.078.838
		<u>95.176.828</u>	<u>94.980.000</u>	<u>90.901.564</u>
Rekstrargjöld				
Rekstur veitukerfis	6	50.679.839	46.248.000	45.973.105
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	4.521.845	3.381.000	3.978.392
Afskriftir	3,8	20.546.365	20.564.000	14.138.898
		<u>75.748.049</u>	<u>70.193.000</u>	<u>64.090.395</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..		19.428.779	24.787.000	26.811.169
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		23.971	0	30.982
Fjármagnstekjuskattur		(5.269)	0	(7.016)
Vaxtagjöld og verðbætur		(11.426.992)	(8.011.000)	(8.429.157)
		<u>(11.408.290)</u>	<u>(8.011.000)</u>	<u>(8.405.191)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>8.020.489</u>	<u>16.776.000</u>	<u>18.405.978</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Veitukerfi	8	483.124.427	422.549.469
Fastafjármunir samtals		<u>483.124.427</u>	<u>422.549.469</u>
Krafa á Rangárþing ytra		0	9.423.751
Aðrar skammtímakröfur	9	14.981.110	14.684.939
Handbært fé	5	1.215.542	32.219.175
Veltufjármunir samtals		<u>16.196.652</u>	<u>56.327.865</u>
Eignir samtals		<u>499.321.079</u>	<u>478.877.334</u>
Eigið fé			
Stofnframlög		150.845.882	150.845.882
Óráðstafað eigið fé		133.561.242	125.540.753
Eigið fé samtals	10	<u>284.407.124</u>	<u>276.386.635</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	158.799.236	163.227.250
Langtímaskuldir samtals		<u>158.799.236</u>	<u>163.227.250</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við Ásahrepp		0	4.326.272
Skuld við Rangárþing ytra		31.379.853	0
Næsta árs afborganir af langtímalánum við lánastofnanir	11	12.085.652	11.240.341
Aðrar skammtímaskuldir		12.649.214	23.696.836
Skammtímaskuldir samtals		<u>56.114.719</u>	<u>39.263.449</u>
Skuldir samtals		<u>214.913.955</u>	<u>202.490.699</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>499.321.079</u>	<u>478.877.334</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Veitukerfi 25 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Til hækkunar á fjárfestingu ársins eru færðar 3,2 millj. kr. sem rekja má til breytingar á niðurfærslumati óinnheimtra tengigjalda.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

	2021	Áætlun 2021	2020
6. Rekstur veitukerfis			
Rafmagn	7.545.967	8.430.000	8.069.880
Lagnaefni	0	500.000	25.110
Sími og fjarskiptabjónusta	270.500	281.000	265.854
Viðhald áhalda og tækja	15.040	24.000	0
Verkfræðibjónusta	1.347.874	910.000	1.061.509
Aðkeypt vinna	300.518	80.000	63.307
Leiga á landi	1.321.625	1.260.000	1.602.598
Tryggingar	243.204	220.000	133.072
Eftirlits- og viðhaldsbjónusta	38.077.641	32.532.000	32.238.851
Matvæli	15.973	0	0
Húsaleiga	991.000	975.000	949.000
Vöru- og hraðflutningar	6.999	14.000	14.076
Fasteignagjöld	365.924	217.000	213.620
Önnur vörukaup	177.574	718.000	1.336.228
	<u>50.679.839</u>	<u>46.248.000</u>	<u>45.973.105</u>
7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld stjórnar	239.257	528.000	227.311
Starfsmannabifreiðar	14.980	30.000	0
Endurskoðun og sérfræðibjónusta	2.669.364	1.224.000	1.142.929
Bókhaldsbjónusta	1.598.244	1.575.000	1.532.362
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting	0	0	1.060.000
Önnur bjónusta	0	24.000	15.790
	<u>4.521.845</u>	<u>3.381.000</u>	<u>3.978.392</u>

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Veitukerfi
Heildarverð 1.1.2020.....	676.076.186
Álögð heimtaugargjöld á árinu	(8.163.792)
Framkvæmdakostnaður á árinu	117.503.654
Heildarverð 31.12.2020.....	785.416.048
Álögð heimtaugargjöld á árinu	7.897.825
Framkvæmdakostnaður á árinu	73.223.498
Heildarverð 31.12.2021.....	866.537.371
Afskrifað samtals 1.1.2020.....	348.727.681
Afskriftir ársins	14.138.898
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	362.866.579
Afskrifað á árinu	20.546.365
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	383.412.944
Bókfært verð 31.12.2020.....	422.549.469
Bókfært verð 31.12.2021.....	483.124.427
Afskriftahlutföll	4%

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun	1.160.000	100.000
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	0	1.060.000
Niðurfærsla færð til hækkunar á fjárfestingu	3.200.000	0
Niðurfærsla í árslok	4.360.000	1.160.000

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofn- framlög	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020.....	150.845.882	107.134.775	257.980.657
Rekstrarniðurstaða ársins		18.405.978	18.405.978
Eigið fé 31.12.2020.....	150.845.882	125.540.753	276.386.635
Rekstrarniðurstaða ársins	0	8.020.489	8.020.489
Eigið fé 31.12.2021.....	150.845.882	133.561.242	284.407.124

11. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	2021	2020
Verðtryggðar skuldir í ISK	170.884.888	174.467.591
Næsta árs afborganir af langtímalánum við lánastofnanir	(12.085.652)	(11.240.341)
Langtímaskuldir við lánastofnanir í efnahagsreikningi	158.799.236	163.227.250

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2022/2021	12.085.652	11.240.341
Afborganir árið 2023/2022	12.311.307	11.450.592
Afborganir árið 2024/2023	12.541.482	11.665.062
Afborganir árið 2025/2024	12.776.271	11.883.842
Afborganir árið 2026/2025	13.015.774	12.107.021
Síðar	108.154.402	116.120.733
Afborganir samtals	170.884.888	174.467.591

12. Önnur mál

Málaferli og kröfur

Hinn 3. júní 2020 höfðaði Smíðandi ON ehf. mál á hendur Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps bs. Af hálfu stefnanda var í málinu gerð krafa um viðurkenningu á rétti til skaðabóta úr hendi stefnda, vatnsveitunnar, vegna missis hagnaðar sem hlaut af því að tilboði Smíðanda ON í stækkun Lækjarbotnavatsveitu hinn 24. apríl 2019 var ekki tekið. Áætlaður missir hagnaðar stefnanda nemur 60 millj. kr.

Í árslok 2021 féll dómur í Héraðsdómi Suðurlands í umræddu máli. Í framangreindum dómi er viðurkenndur réttur Smíðanda ON ehf. til skaðabóta auk málskostnaðar að fjárhæð 1,5 millj. kr. Stjórn Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps bs hefur ákveðið að áfrýja dómnum til Landsréttar. Það er mat stjórnar að ekki sé tilefni til að gjaldfæra umrædda fjárhæð í ársreikningi 2021 og færa til skuldar þar sem endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir.